

Nr. 012 / 10 Jói Brands GK 517**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6991
Smíðaður: Hafnarfirði 1987, plast
Stærð: 9,3 brl. 9,6 bt.
Mesta lengd: 9,93 m Skráð lengd: 9,78 m
Breidd: 3,23 m Dýpt: 1,55 m
Vél: Cummins 6CATA8,3M3, 187 kW, 2004
Fjöldi skipverja: 2



Jói Brands©Hafþór Hreiðarsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 20. ágúst 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 27. janúar 2010 var Jói Brands GK 517 á siglingu til Grindavíkur tæpar tvær sml. suður af Selatöngum. Veður: V-5 m/sek

Á siglingunni dró skyndilega niður í vélinni og hún stöðvaðist. Eftir nokkra skoðun á vélbúnaðinum og brennsluolíu kerfinu ætlaði skipstjóri að setja vélina í gang aftur en þrátt fyrir kröftuga ræsingu fór hún ekki í gang.

Þar sem rek var upp að ströndinni bað hann um aðstoð og var björgunarskipið Oddur V. Gíslason sent á staðinn og dró það Jóa Brands GK til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að við skoðun viðgerðarmanns kom í ljós bilun í rafmagnsrofa að straumþræði í ádreparaspólu við gangráð svo straumur fór af spólunni;
- að skipstjóri vissi ekki af þessu óvenjulega fyrirkomulagi að straumur verði að standa á spólunni svo vélin haldist í gangi.

Nefndarálit:

Orsök þess að vélin stöðvaðist var straumrof í ádreparaspólu vegna bruna í rofa í stjórnborði.

Nefndin vekur athygli á samskonar máli RNS 126/08 (í þessu máli var vakin athygli á varhugaverðu fyrirkomulagi með tillögu í öryggisátt)